

| tíska | heilsa | matur | nudd | skór | tónlist | stjörnuþá | fjölskyldan |

birta
● » á leið í ræktina

Helga Guðrún, Sigurður og Ásdís Birta
DRAUMARNIR
RÆTTUST 2005

BLAÐAUKI
UM HEILSU

Þorvaldur Bjarni:
**Í suðupotti
hugmynda**

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
6. janúar – 12. janúar



**EKKI MISSA AF BESTU
ÚTSÖLUNNI Í BÆNUM**





**40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM**

NEXT

KRINGLUNNI





Útsala

Stærsta útsalan er hafin

Misstu ekki af fyrstu dögum útsölnnar.

Gerðu góð kaup á stærstu útsölnni.
Yfir 100 verslanir, troðfullar af flottum vörum!

Kringlan
MEG ALLT Á EINUM STAÐ

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00

Veitingastaðir og Kringlubíó
hafa opið lengur á kvöldin

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200




14



18



28



20

Petta helst

- 7 Álfabrennur á þrettándanum
- 8 Tíðarandi
- 10 Rokk og ról frá Tarfinum
- 12 Óvenjulegir Vínartónleikar

Viðtöl og greinar

- 14 Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson: Í suðupotti hugmynda
- 18 Helga Guðrún, Sigurður og Ásdís Birta: Draumarnir rættust 2005

Hann hún

- 20 Tími á léttari rétti
- 24 Anna í Amman
- 24 Stjörnuþá

Blaðauki um heilsu


- 26 Nudd eykur ábyrgð á heilsu
- 28 Hreyfing í daglega lífinu
- 30 Danski kúrin
- 32 Hugaraflinu beitt til betri heilsu
- 34 Aukaefna neytt í hófi
- 36 Staðið við áramótaheitin

Í hverju blaði

- 38 Sudoku
- 40 Krossgáta
- 41 Dagskrá næstu viku



Vel lesin!



59% 38% 24%*

Lestur – konur 20-50 ára

Mest lesna tímaritið

Lestur á tímaritinu Birtu mælist langmestur af öllum tímaritum landsins, skv. fjölmiðlakönnun Gallup. Skemmtileg efnistöð og öflug sjónvarpsdagskrá vinna saman við að skapa þessar miklu vinsældir. Ef þú vilt að fyrirtækið þitt sé sjáanlegt skaltu auglýsa þar sem birtan er mest og líklegast að flestir sjái auglýsinguna. **Komdu inn í Birtuna.**

birta

Auglýsingasími 550 5000


Birtu er dreift inn á 95.000 heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

* Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup okt. 2005.

Bregðum blysum á loft

Í dag er þrettándinn, síðasti dagur jóla. Mannfólkið stendur á tímamótum þar sem árinu er lokið, jólahátíðin kvödd og óskrifuð framtíðin blasir við. Í heimi manna, álfa og ævintýra stendur mikið til á þrettánda og allir hugsa sér til hreyfings. Logar þrettándabrenna mannanna draga að sér álfa og aðra vætti úr undirheimum, sem láta dansinn duna á þrettándanótt og síðasti jólasveinninn lítur um öxl og horf-

ir á eldtungurnar úr fjarska á leið sinni til fjalla. Mannfólkið safnast saman við brennur, starir stórum augum á logandi eldinn, hugsar um atburði liðins árs og vonast eftir gæfu og gleði fyrir sína nánustu á komandi ári. Þeir flugeldar sem urðu afgangs á gamlárskvöld er skotið upp til að lita himininn fallegri ljósadýrð. Svo er blysum brugðið á loft undir mánaskini og gamla árið er kvatt með virktum.





heitt & kalt |

Heitt
 Volgt
 Hvorki heitt né kalt
 Vítá stofuhita
 Ískalt



GRÆNMETI
Þar sem allir eru orðnir uppþembdir eftir allt jólaátið og byrjaðir í heilsu-átaki er grænmeti svo sannalega málið í dag. Grænmeti á diskinn minn!



BOB DYLAN
Allir virðast vera að enduruppötva Dylan eftir að ný heimildarmynd var sýnd um daginn. Svo eru Bob Dylan sólgleraugu og buxur líka í tísku.



SNJÓBRETTI
Snjóbrettasprengrja var hér á landi fyrir nokkrum árum síðan. Snjóbretti eru ennþá skemmtileg en það vantar bara allan snjóinn.



FLUGELDAR
Flugeldar eiga að vera notaðir á gamlárskvöld og síðan á það að vera búið!



MUNNTÓBAK
Er heilsuspillandi, sóðalegt og gerir mann afskræmdan í framan. Alls ekki málið.

» Líkamsrækt

Janúarátakið hafið

Hver kannast ekki við setninguna „ég kem mér í form eftir áramót“? Það er algengt að strengja þess heit á gamlárskvöld að borða hollara og hreyfa sig meira. Jólaátið hefur hjá mörgum hverjum verið afar óhóflegt og fólk telur sér trú um að það sé í lagi þar sem stutt sé í átakið. Nú er janúar kominn og fólk farið að þyrpast á líkamsræktarstöðvunar. Þá reynir á að fólk standi við áramótaheitið lengur en eina viku.



» Útsölur

Allt að helmings afsláttur

Árlegar útsölur eru nú í hámarki. Konur og menn fara yfir um í neysluæðinu og kaupa hluti, föt og annað þarfa- og óþarfapung á útsölum. Margir höfðu vaðið fyrir neðan sig og fóru í sérstaka „útsöluleiðangra“. Slíkir leiðangrar eru til þess gerðir að kynna sér hvað er til í hverri búð og hvaða stærð viðkomandi notar á hverri flík þannig að þegar fyrsti dagur í útsölu rennur upp þarf ekki annað að gera en arka beint í hilluna og ná í flíkina sem var sett á kauplistann í „útsöluleiðangrinum“. Aðrir eru hins vegar ekki eins forsjálir og standa í blóðugum bardögum við samborgara sína um einstaka buxur og boli og mátturarklefa. Við kaupum á allt að helmingsafslætti og hugsum um leið „af hverju geta jólin ekki verið í janúar?“



Bjartsýni

» Sólin hækkar á lofti

Sólin, þessi makalaus guli hnöttur, mjakast nú lengra og lengra upp á himinhvolfið með hverjum deginum sem líður. Þar með ryður hún smám saman burt skuggunum sem hafa leynst í skúmskotum um sinn og rekur skammdegisdrungann út í hafsauga. Þá birtir líka í tilveru okkar. Nýtt ár ber með sér ný tækifæri og hækkandi sól fyllir okkur bjartsýni á lífið. Því horfum við vonglöd fram á veginn – og brosum.



» Skóli

Bjallan hringir

Ekki er nú langt síðan nemendur önduðu léttar og gengu út úr skólabyggingum á leið í jólafrí. Þá fannst þeim þeir eiga lífið og hamingjuna fram undan, engin próf, engar bækur, enginn lærdómur. En tíminn hefur jú þá tilhneingingu að líða og nú snúa nemendurnir til baka. Þamma í átt að steingráum skólabyggingum tilbúnir að dæla í sig fróðleik. Margir þeirra segja við sjálfa sig um leið og þeir stíga yfir þröskuldinn „þessa önnina mun ég byrja fyrir að læra fyrir prófin!“. Fullir af bjartsýni og með bros á vör setjast nemendur í sæti sín og áður en þeir vita af er komin enn ein prófatörnin og enginn byrjaður að læra. Svona líður tíminn skemmtilega.




Förðunarskóli rifka lætur drauminn rætast

Skráðu þig í nám sem gefur óteljandi möguleika

Þú getur útskrifast sem förðunarfræðingur eftir 14 vikna nám.

Förðunarskóli rifka var áður þekktur undir nafninu Förðunarskóli NoName og hefur nú starfað óslitið í 10 ár. Allan þennan tíma hefur skólinn verið í fararbroddi í förðunarnámi og verið það sem allir aðrir hafa miðað sig við. **Í tilefni afmælisins ætlum við að gefa heppnum nemanda snyrtivörur frá rifka Cosmetics að verðmæti 160.000 kr.** Sæktu um á www.rifka.is og þú gætir fengið 160.000 kr. glaðning við skólasetningu.

Vetrarnámskeiðin hefjast 16 janúar

Þú getur sótt morguntíma kl. 9-13 eða kvöldtíma kl. 19-23.

Tísku- og Ljósmyndaförðun

Þú getur valið á milli 6 eða 14 vikna námskeiða. Fyrir þá sem vilja læra grundvallaratriði förðunar og verða sjálfbjarga eru 6 vikna námskeiðin tilvalin lausn. Aftur á móti er 14 vikna námskeiðið fyrir þá sem ætla lengra, enda veitir það alþjóðleg réttindi sem förðunarfræðingur. Farið er í öll undirstöðuatriði förðunar ásamt því að fjalla um tísku og umhirðu húðar. Allar helstu aðferðir við förðun eru kenndar ásamt litavali og blöndun.

Kvikmynda- og leikhúsförðun

Til þess að geta tekið námskeiðið þarf að hafa lokið 14 vikna námskeiði í tísku- og ljósmyndaförðun eða öðru sem skólinn viðurkennir. Á námskeiðinu læra nemendur undirstöðuatriði í kvikmynda- og leikhúsförðun en það er þannig byggt upp að viðkomandi geti tekið að sér verkefni tengd leikhúsum, auglýsingum eða kvikmyndum.

Úðaförðun/brúnkumeðferðir

Hægt er að velja um stutt námskeið í brúnkumeðferð þar sem kenndar eru aðferðir við litun húðar sem og víðameira námskeið þar sem farið er í úðatækni (t.d. andlitförfun), naglaskreytingar, tattoo, líkamsförðun, brúnkuförðun og umhirðu áhaldla.

Kvöldnámskeið í dag- og kvöldförðun

Hin geysivinsælu förðunarnámskeið í grunnatriðum förðunar – tilvalin fyrir vinkvennahópa, vinnustaði eða saumaklúbba. Innifalin er kennsla í litavali og blöndun sem og persónulegar ráðleggingar.



Þórdís Þorleifsdóttir kennari að störfum

Ég skelti mér í Förðunarskóla rifka síðasta sumar. Í upphafi ætlaði ég mér bara að taka 6 vikurnar til að geta farðað sjálfa mig sómasamlega en eftir þann tíma tímdi ég einfaldlega ekki að hætta. Ég kláraði námið og útskrifaðist í lok sumarsins sem förðunarfræðingur. Þetta var alveg frábær tími og ég hlakkaði alltaf til að mæta í skólann og læra meira. Kennararnir voru alveg framúrskarandi góðir og skemmtilegir. Eftir námið hef ég fengið ýmis verkefni sem skemmtilegt er að vinna að og með þessu áframhaldi verður námið ekki lengi að borga sig.



Erla Geirsdóttir

rifka
Make-Up School
Hjallabrekku 1.
200 Kópavogi



brennslan mín ...
Smári Tarfur

Rokk & ról frá Tarfinum

Smári Jósefsson, oft kallaður Tarfurinn, setti saman eina rokkuðustu brennslu Birtu frá upphafi. „Þetta er bara svona „þá stundina“ flingurinn sem einkennir þessa brennslu,“ segir Smári. Hann lýsir tónlistarsmekk sínum sem afar fjölbreyttum, allt frá klassík yfir í dauðarokk, þaðan yfir í blús með smá poppvafi, plús smá djass og hip hop áhrif. Akkúrat núna segist Smári þó mest vera að hlusta á hljómsveitina Kings of Leon en ákvað þó ekki að setja lag með henni inni í brennsluna. „Nei, ég er bara svo nýkominn inn í hana.“

» birta mælir með...

...**SÓLSKINSHESTI EFTIR STEINUNNI SIG-URÐARDÓTTUR.** Bókin lýsir á lágstemmdan og listrænan hátt tilfinningalífi manneskju sem fálæti foreldra í æsku setur mark sitt á og skilur lesandann eftir hljóðan og hugsji.



...**APOLOGIES TO THE QUEEN MARY** Plata með hljómsveitinni Wolf Parade sem hefur verið mjög ofarlega á fjölmörgum listum yfir bestu plötur ársins 2005. Wolf Parade er ein af fjölmörgum frábærum kanadískum sveitum sem sprottið hafa upp eins og gorkúlur á undanförunum misserum. Þessir félagar spila hreinrækt- að indírokk en umsjón með upptökum á plötnu hafði Isaac Brock, forkólfur hljómsveitarinnar Modest Mouse. Hér um að ræða ferskt, framúrsteftnulegt en umfram allt grípandi rokk. Plata sem enginn alvöru tónlistaráhugamður ætti að láta framhjá sér fara.

...**A LITTLE TRIP TO HEAVEN.** Baltasar Kormákur hefur búið til virkilega faglega og vel unna mynd þar sem íslenskt landslag er loks ekki í aðalhlutverki. Myndir er lágstemmd og grípandi og skemmtileg andstaða við allan Hollywood-glamúrinn og tölvubrellurnar. Vínalegi leikarinn með lata augað, Forest Whitaker, og stórstirnið Julia Stiles vinna vel saman og útkoman er sannarlega lítil ferð til himna.



TRACK 1 CANNIBAL CORPSE – UNLEASHING THE BLOODTHIRSTY
Það vekur fátt jafnmikla kátínu og að hlusta á síðhærða menn syngja um að skera fólk í búta og borða það svo með bestu lyst. „Morgunmatur Reyðfirðingsins,“ eins og snillingurinn sagði.

TRACK 2 ROBERT JOHNSON – COME ON IN MY KITCHEN
Robert Johnson er tónlistarmaður sem ég fæ hreinlega ekki nóg af. Margt af því sem hann gerði á gullaldartímum delta-blúsins vekur mikla aðdáun enn í dag þó að upptökum séu orðnar tæplega 70 ára gamlar.

TRACK 3 STEVIE RAY VAUGHAN – SAY WHAT!
Ég kynntist tónlist þessa snillings þegar ég var 13 ára og rétt missti af tónleikum með honum vegna dauða hans á sínum tíma. Ég hef aldrei heyrt neinn spila af jafnmikilli innlifun og Stevie Ray.

TRACK 4 PANTERA – THE GREAT SOUTHERN TRENDKILL
Gítargeðveiki út í eitt. Það sem heillar mig mest við lagið er að heyra þungavigtarrokkband detta úr argasta rokki yfir í blús. Mér skilst að það hafi kviknað í einum magnaranum í miðjum klíðum.

TRACK 5 ERIC B & RAKIM – NO OMEGA
Gegnumheilt tvíeyki af bestu gerð. Eric B sér um tónlistarlegu hliðina á meðan hinn kvismálugi Rakim spýtir úr sér vel völdum orðum úr eigin smíðju. Hip-hop í hæsta gæðaflokki.

TRACK 6 AC/DC – CARRY ME HOME
Meistarí Bon Scott að syngja um raunir sínar á barnum með glas í annarri hendi og kvensnift í hinni. Af einhverjum undarlegum ástæðum var þetta lag aldrei gefið út á breiðskífu.

TRACK 7 JIMMY SMITH – ORGAN GRINDER'S SWING
Maðurinn sem tók B3 Hammond-orgelið alla leið. Massífur hljóðfærleikari og ekki síður mikill kappsmáður. Hann lumaði á græna beltinu í karate og átti það til að lúskra á gagnrýnendum!

TRACK 8 CAVE IN – YOUTH OVERRIDED
Ein af mörgum hljómsveitum sem þróuðust úr harðkjarna yfir í auðmeltari tónlist. Nokkurn veginn eins og að fá demantshúðaðan hnefa í andlitíð.

TRACK 9 SORORICIDE – OPEN ABYSS
Þetta frábæra lag komst því miður aldrei á plast, einhverra hluta vegna. Það var fátt jafnskemmtilegt og að stíga léttan dans við Sororicide hér á árum áður.

TRACK 10 THE BLACK CROWES – NO SPEAK NO SLAVE
Vel útfærð blanda af blús, sálar-tónlist og rokki. Fyrir einhverjar sakir komst þessi hljómsveit aldrei almennilega á kortið.

Hjól sem hægt er að brjóta saman

NÝTT

Framleiðendur eru í sífellu að leitast við að hanna þægilegri og hagkvæmari vörur fyrir neytendur. Mikið hefur verið reynt að minnka hlutina eða gera þá meðfærilegri. Hjól hafa verið að þróast mikið undanfarin ár og hafa þau sem dæmi alltaf verið að léttast og léttast. Þau hafa hins vegar ætíð verið svolítið plássfrek en núna er komið á markaðinn hjól sem ætti ekki að fara mikið fyrir. Hjólið heitir Mobiky Genius og hefur kostað yfir milljón dollara og um tvö ár í framleiðslu. Hjólið tekur ekki meira en þrjár sekúndur að setja saman eða að taka í sundur. Helsta sérstæða hjólsins er smæð dekkjanna. Þau eiga þó ekki að koma í veg fyrir að hægt sé að þeytast um á hjólinu um holt og hæðir. Hjólið vann nýlega hönnunarverðlaunin Observeur du Design í Frakklandi enda þykir hjólið töff, þægilegt og kröftugt.



ÚTSALAN

HAFIN

30-60% AFSLÁTTUR



ILSE JACOBSEN • Hornbæk

GARÐATORGI, GARÐABÆ



Viðtal: TRYGGVI GUNNARSSON Mynd: HARI

20. öldin geymir meistarastykki í hrönnum

Daníel Bjarnson er ungur og efnilegur stjórnandi og tónskáld. Hann stundar nám í Freiburg í Þýskalandi en er kominn heim tíma- bundið, meðal annars til að stjórna kammersveitinni Ísafold. Sveitin hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir framgöngu sína og var hún, ásamt Daníel, tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna í fyrra. Næstir á dagskrá hjá sveitinni eru Vínartónleikar í Óperunni en Daníel lofar að þeir verði með óvenjulegu sniði.

HVAÐ ER KAMMERSVEITIN ÍSAFOLD?

Ísafold var stofnuð 2003 en þetta er hópur ungra tónlistarmanna sem flestir búa erlendis við nám eða störf. Sveitin var eiginlega stofnuð kringum tónleikaferðir um landið en nú höfum við farið í þrjár slíkar. Hljómsveitin er mikið byggð upp af krökkum sem spiluðu saman í Tónlistarskóla Reykjavíkur en við vildum stofna hljómsveit þar sem við gætum ráðið verkefnavali og tónleikahaldi sjálf. Við ákváðum að taka fyrir 20. aldar tónlist og leggja áherslu á að ferðast um landið í stað þess að spila bara í Reykjavík. Svo hefur sveitin vaxið á hverju ári og á lokatónleikum okkar síðasta sumar var fullt út ír dyrum í Óperunni.

NÚ SEGIRÐU AÐ FLESTIR MEÐLIMIR ÍSAFOLDAR SÉU BÚSETTIR ERLENDIS. ER EKKI ERFITT AÐ KOMA ÖLLUM SAMAN?

Þetta er ekki stórt í sniðum þannig séð og við höfum bara komið saman einu sinni á ári, reyndar í heilan mánuð í senn. Þetta er í fyrsta sinn sem við prófum að hafa tónleika hinum megin á árinu. Okkur langar dálítið að auka umsvifin og spila fleiri tónleika á ári og þetta er fyrsta skrefið í þá átt.

HVERS VEGNA VÖLDUÐ ÞIÐ NÚTÍMATÓNLIST?

Nútímatónlist er svolítið erfitt hugtak því það er oft notað yfir tónlist sem er orðin hundrað ára gömul. Það eru ekki margir hlutir sem maður myndi kalla nútíma þrátt fyrir að vera hundrað ára gamlir. Fyrir mér er nútímatónlist skrifuð í dag og kannski fyrir tuttugu árum. Það sem við höfum reynt að gera er að sporna gegn þeirri ímynd nútímatónlistar að hún sé óaðgengileg. Við viljum sýna að það eru meistarstykki í hrönn-

um frá 20. öldinni sem eru mjög áheyrileg og aðgengileg. Það er þannig að fólk sem hefur komið til okkar á tónleika er mjög hissa því það heldur að það sé að fara að hlusta á erfiða nútímatónlist en finnst svo mjög skemmtilegt.

HVERNIG VERÐA VÍNARTÓNLEIKARNIR YKKAR „ÓVENJULEGIR?“

Þetta er sá árstími þegar allt flæðir yfir í Vínartónleikum og sýnist sitt hverjum um það. Það hefur blundað í mér og okkur að kanna fyrirbæri sem varð til í Vínarborg 1918 og hét „Félag um einkaflutning tónverka“. Félagið var stofnað af Arnold Schönberg og nemendum hans en það gekk út á að kynna nýja tónlist. Einungis meðlimum í félaginu var boðið á tónleika, aldrei var auglýst fyrir fram hvaða verk var flutt, það mátti ekki klappa og gagnrýnendum var ekki boðið. Þetta átti að hreinsa tónlistina af markaðshyggju og hindra það að fordómafullir menn skemmdu tónleika með bauli, en það tíðkaðist á þeim tíma að menn létu neikvæðar skoðanir sínar í ljós á þann hátt. Félagið stóð einnig fyrir því að ný verk voru samin og þekkt stærri verk voru útsett fyrir smærri hljómsveitir og það eru einmitt nokkrar af þessum útsetningum sem við ætlum að spila í Óperunni.

HVAÐ ER FRAM UNÐAN HJÁ ÞÉR?

Ég er að stjórna Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna á tónleikum í lok janúar og sé um tónlistarnámskeið samfara því. Eftir það fer ég út í tíu daga á masterclass-námskeið og síðan eru það Myrkir músíkdagar. Svo er ég einnig að stjórna Óperustúdíóinu en eftir það fer ég aftur út í skólann.



Lærið að....
þæfa, vefa,
hekla, prjóna...

og að gera....
víravirki,
peysuföt,
sauðskinnsskó...

Þjóðleg
handverksnámskeið



HEIMILISÍÐNAÐARSKÓLINN
mánud. til föstud.
kl. 12.00-16.00 í s. 551-7800
hfi@heimilisdnadur.is
www.heimilisdnadur.is



Útsala
15-50%
afsláttur
af brúðar og
samkvæmis-
kjólum

PRINSESSAN

verslun/Mjódd, s. 567 4727
www.Prinsessan.is

Um leið og við óskum landsmönnum öllum
Gleðilegs nýs árs

viljum við bjóða

20 tíma 3 mánaða kort á 6990 (áður 9600) frá 15 – 31 janúar.
Í tilefni að því að árið 2006 er gengið í garð.

Ef áramótaheitið þitt var að halda þér betur til á nýja árinu.
Þá læturu þetta tilboð ekki framhjá þér fara..



Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson » & VERÐUR ROKKAÐARI HRJÚFARI MEÐ ÁRUNUM

Þorvaldur Bjarni er landsmönnum vel kunnur. Margir muna fyrst eftir honum sem meðlimi hljómsveitarinnar Todmobile. Þeir sem yngri eru þekkja hann frekar sem fyrrum dómara í Idol-keppninni. Það sem margir vita hins vegar ekki er að Þorvaldur Bjarni er einn af mönnum bakvið tjöldin og er viðloðandi tónlistarbransann á mörgum sviðum. Þorvaldur situr ekki auðum höndum, verk hans hljóma víða og vinna hans snertir marga. Þó að við sjáum ekki mjög mikið af honum heyrum við meira eftir hann en við gerum okkur grein fyrir. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson á og rekur Reykjavík Music Productions (RMP) ásamt Vigni Snæ Vigfússyni úr Írafári. Þorvaldur lýsir starfsemi sinni sem suðupotti lagasmíða og tónlistarframleiðslu og fyrir um ári síðan var settur undir sama þak Tónvinnsluskóli Þorvaldar Bjarna.

„Ég er búinn að starfa lengi við lagasmíðar og upptökustjórn og mig langaði til að brjóta upp það vinnuferli sem hefur verið að festast í sessi síðustu ár, þar sem við höfum tilhneigingu til að festast einir út í horni og kunnáttan með okkur,“ segir Þorvaldur.

„Markmiðið með stofnun Reykjavík Music Production var að búa til suðupott lagasmíða og tónlistarframleiðslu,“ segir Þorvaldur. „Hér vinna nokkrir pródúsentar saman, alltaf mikið um að vera. Og hvar annars staðar en í slíkum suðupotti er betra að vera með tónvinnsluskóla? Það hjálpar líka til fyrir þá sem hafa áhuga á þessu að komast beint inn í frjótt umhverfi,“ segir Þorvaldur. „Ég segi ekki annað en ég hefði getað sparað mér sex eða sjö ár hefði ég haft aðgang að svona kennslu á sínum tíma.“

Nýverið voru útskrifaðir sautján nemendur úr skólanum og eru tveir þeirra búnir að vinna mikið með strákunum síðan þá. Nemendurnir eru enn fleiri núna, um þrjátíu, og segir Þorvaldur stemninguna í skólanum vera hreint ótrúlega. „Við höfum rekist á marga talenta á námskeiðunum hjá okkur,“ segir Þorvaldur, sem er þess fullviss að nokkrir nemenda hans þessa önnina eigi eftir að láta mikið til sín taka í framtíðinni. „Það er líka svo frábært að skólinn gerir það að verkum að þetta fólk getur fengið tækifæri og við fáum tækifæri til að kynnast því. Ég finn oft óvenjusterka tilfinningu tilgangs eftir að hafa kennt suma af þessum tímum,“ segir Þorvaldur. „Sumir af þeim nemendum sem eru hérna hafa svo mikinn áhuga að stundum liggur við að hér skapist hálfgerð sæluvíma,“ segir Þorvaldur og skellihlær. „Hér er að hitrast fólk sem að öðrum kosti myndi ekki umgangast

hvert annað og allir vilja ræða um tónlist.“ Og þá hlýtur að krauma vel í suðupottinum. „Við gerum námið innblásið í kringum lagasmíðarnar. Við fáum fólk til að semja sitt eigið lag og lagið er svo notað til að kenna hvernig á að nota tónlistarforritin, tölvurnar, stúdíóið, míkrofónana,“ segir Þorvaldur. „Lagið er tekið upp og hljóðblandað og að lokum er það eins og hvert annað lag sem er tilbúið á disk eða í spilun.“ Aðalnámið í Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er upptökustjórnin en söngur og hljóðfæranámskeið eru einnig í boði í skólanum. „Þetta er allt tengt dægurlagabransanum. Okkar sérstaða er að kenna út frá þeim reynsluheimi,“ segir Þorvaldur. „Yngstu söngvararnir okkar byrja hjá Jónsa, Heiðu og Birgittu, þeir sem eru aðeins eldri fara til Selmu og þeir sem eru enn lengra komnir geta stúderað djass og blús hjá Andreu Gylfadóttur og þar er farið enn meira út í söngtækni. Síðan erum við með tengingu við stúdíóið þar sem við kennum krökkunum hvað gerist í upptökum í stúdíói.“

HAFIÐ BLÁA HAFIÐ

Þorvaldur Bjarni situr ekki auðum höndum. Milli þess að reka tónvinnsluskóla og tónlistarframleiðslufyrirtæki semur hann tónlist fyrir söngleiki og starfar fyrir leikhús, semur sín eigin lög fyrir hina og þessa og svo með gömlu félögunum úr Todmobile. Og það stendur margt til hjá Þorvaldi á nýju ári.

Fyrst á dagskránni eru svokallaðir Grasrótardagar þar sem RMP veitir nýjum hljómsveitum tækifæri til að prófa sig í hljóðverinu.

„Nú er sá tími í hljóðverum landsins að álagið er ekki eins mikið eins og á haustin og sumrin þegar allir eru að undirbúa plöturnar sínar. Þannig að við förum að hugsa, við erum með allt uppstillt og tilbúið í stúdíóinu og því ekki að opna það fyrir ungum hljómsveitum?“ segir Þorvaldur, sem vonast að með þessu komist hann í kynni við nýjar og ferskar hljómsveitir. „Það þarf ákveðið þor og fordómaleysi til að sýna heiminum hvað maður hefur að bjóða fyrir tónlistarbransann. Og ef það kemur eitthvað spennandi út úr þessu getur þetta alveg eins orðið upphaf að ferli.“

„Ég finn oft óvenjusterka tilfinningu tilgangs eftir að hafa kennt suma af þessum tímum.“



„Sumir af þeim
nemendum sem
eru hérna hafa svo
mikinn áhuga að
stundum liggur við
að hér skapist hálf-
gerð sæluvíma.“

Í vikunni hófust einnig æfingar á „Hafið bláa hafið“, fjölskyldu-söngleik sem Þorvaldur samdi í samvinnu við Kristlaugu Sigurðardóttur en þau sömdu einnig saman Ávaxtakörfuna. Söngleikurinn verður frumfluttur í Austurbæ í miðjum febrúar. „Við erum að taka á hugrekki og trausti,“ segir Þorvaldur um verk-

„Eitt af því skemmtilegasta sem ég geri er að semja fyrir börn. Þá losnar maður undan því að hugsa um hvað er „kúl“ og hvað ekki.“

ið. „Sagan gerist neðansjávar og þar eru karfar, ígulker, humrar og voðalega vond skata,“ segir Þorvaldur og grettir sig lítilega til að leggja áherslu á kæst eðli skötunnar. „Eitt af því skemmtilegasta sem ég geri er að semja fyrir börn. Þá losnar maður undan því að hugsa um hvað er „kúl“ og hvað ekki. Maður gerir einfaldlega það sem hefur réttu tilfinninguna fyrir hverja senu,“ segir Þorvaldur. „Það verður allt miklu einlægna og auðveldara að sleppa tilgerðinni þegar maður semur fyrir börn.“ Þorvaldur segist hafa mikið dálæti á leikhústarfinu enda sameinast þar margar listir. „Markmiðið er að semja alvöru söngleik fyrir fulloröna í fullri stærð á fjöllum Þjóðleikhússins enda er löngu kominn tími til að það verði gert.“

VERÐUR HRÁRRI OG HRÁRRI

Þorvaldur verður þó að láta drauminn um söngleikinn bíða betri tíma þar sem hann hefur enn aukið við suðuna í pottinum sínum og ætlar að gera plötu með Todmobile fyrir næstu jól. Meðlimir Todmobile komu aftur saman á síðasta ári eftir nokkra fjarveru og fundu aftur neistann sem hafði komið þeim af stað í tónlistarbransanum í upphafi. „Það er ekki oft sem fólk kemur saman og það verða til svona tengsl eins og eru á milli okkar og kannski finnur maður það aldrei aftur,“ segir Þorvaldur. „Eftir að neistinn kviknaði á milli okkar aftur með símfónuverkefninu vissum við að þetta væri ekki eitt-hvað sem maður hendir frá sér. Við virðum hvert annað miklu meira eftir fjarveruna. Við finnum líka að þetta er okkur tamt og eðlislægt, þannig að eiginlega stríðir það gegn eðlinu að gera þetta ekki.“ Bæði Þorvaldur og Eyþór hafa verið að semja lög fyrir hina nýju plötu Todmobile. Þorvaldur segir hljómsveitina þó alltaf verða hrárrí með árunum. „Við þurfum svolítið að enduruppögðva okkur,“ segir Þorvaldur. „Við höfum komist að því að við höfum verið að þróast í öfuga átt. Við verðum alltaf hrárrí og hrárrí. Hljómsveitin er miklu rokkadari og hrjúfari en hún var fyrir tíu árum. Við ætlum bara að leyfa þessu að koma eðlilega fyrir plötuna og satt að segja veit ég ekki hvert það



fer. Það verður athyglisvert að sjá hvað kemur út úr þessu,“ segir Þorvaldur og brosir spenntur. „Mér finnst skemmtilegast að semja. Skemmtilegasti tíminn er þegar maður er að gera fyrstu prufutökurnar. Það er svo mikið að fæðast og þá er mesta spennan. Ef maður er með lag sem gengur vel upp kemur upp í manni tilhlökkun og maður æsir alla upp í kringum sig og þannig getur það verið æði.“

HEFÐI VALIÐ PÍANÓ

Þorvaldur Þjarni var sex ára þegar hann tók fyrstu skrefin sem tónlistarmaður. Hans fyrsta hljóðfæri var blokkflauta, upphafið að ferli rokk og róls. Seinna valdi Þorvaldur að læra á gítar. „Svona eftir á að hyggja hefði ég frekar viljað að ég hefði valið píanó. Ég vildi að það væri mitt náttúrulega hljóðfæri,“ segir Þorvaldur. „Ég ræð engum frá því sem hefur áhuga á að fara út í tónlist að fara í hefðbundið tónlistarnám og í klassíkina. Klassíkin gefur manni innsýn í söguna og kjarna tónlistarinnar. En á hinn bóginn er

gaman að geta boðið upp aðra leið fyrir þá sem hafa áhuga á að syngja eða stofna hljómsveit eins og við gerum hérna í Tónvinnsluskólanum,“ segir Þorvaldur og bætir við stoltur að eldri dóttir hans sem er sjö ára stefnir á að læra á píanó. „Ég styð hana heilshugar á því og sé að hún er með píanófingur, langa og sterka fingur.“ Þorvaldur segir það margrannsakað að börn sem auðnist að komast í tónlistarnám eigi yfirleitt auðveldara með hefðbundið nám. „Það er eitthvað við agann og tilganginn í tónlistarnámi sem hjálpar börnum að haldast á réttari braut þannig að ég vona svo sannarlega að börnin mín fái áhuga.“ Og yngri dóttir Þorvaldar, sem er eins og hálfis árs, sækir tónana til rokk-arapabans líka. „Hún er farin að syngja í melódíum og takti sem ég hef aldrei séð áður hjá eins og hálfis árs gömlu barni.“

EKKI BÍÐA EFTIR LÍFINU

Þorvaldur var að lokum beðinn um að miðla af reynslu sinni til kynslóðarinnar sem er að stíga sín fyrstu skref í tónlistarbransanum. „Í tónlistarbransanum dansar maður endalaust á línunni mjóu, og hengiflugið er alltaf þarna rétt hinu megin. En það getur líka veitt innblástur og haldið mönnum á tánum. Maður verður að taka sénsinn,“ segir Þorvaldur. „Manni finnst alltaf sorglegt þegar maður sér mikinn talent verða að engu bara af því að sá hinn sami hikar of lengi við að elta það sem hjartað segir honum. Maður getur eyðilagt fyrir sjálfum sér með því að þora ekki. Sjáum til dæmis þá sénsa sem Björk og Emiliana tóku á sínum tíma, og hvað varð úr. Ég tek ofan fyrir þeim báðum að hafa þessa trú á sjálfum sér.“ Þorvaldur segist marga fjöruna hafa sopið og oft á tíðum hafi það verið skipbrotin sem kenndu honum mest. „Kjarninn í þessu öllu er að treysta á forsjálnina og búast ekki endalaust við því versta,“ segir Þorvaldur. „Þeir fiska sem róa. Ekki bíða eftir lífinu.“



TÓNVINNSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA

2006

Í Tónvinnskóla Þorvaldar Bjarna eru áherslurnar lagðar á að gera nemendur undirbúna fyrir tónlistarbransann. Námið er skemmtilegt, gagnlegt og svo þinulítið óþrúvisi en allt annað sem í boði er. Nú er þriðja starfstímabil skólans að hefjast og er námslínan fjölbreyttari og skemmtilegri enn nokkru sinni fyrr. Það eru eingöngu valinkunnir fagmenn úr íslensku tónlistarkreðsuni sem leiðbeina í skólanum og eru kúrsarnir sem bjóðast sérsníðnir út frá reynslu leiðbeimenda til þess að námið sé eins gagnlegt og kostur er á.

Á vetrarönn 2006 eru í boði fjódamörg námskeið þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

TÓNVINNSLUNÁM

Leiðin að fullkærðu dagurlagi er það sem **adalmámsbraut** Tónvinnskóla Þorvaldar Bjarna sýnt um. Nemendur eru leiddir í gegnum ferlið frá því að laga smíð á sér stað þar til lagið er tilbúið til útgáfu og útvepsplunnar.

Þessi námskeið hefur verið stormandi lúku og er nú starfrækt í þriðja sinn. Þær breytingar og betrun-bætur hafa verið gerðar á Tónvinnskólunum að samrættar hefur verið gerður við **Stóðu Sýrland**, sem er stærsta og finasta hljóðver landsins og hefur hljóðkerólunvar þar fram. Fyrir vikud er umnið í bæmsur góðlúku, **hæsta klæssa hljóðverum** og því fá nemendur verðmáta reynslu í stíttvöru stúdíóumhverfinu.

Það eru hefðu stúdíókeróður landsins sem leiðbeina í þessu námi og er boðið upp á marga mismunandi fyrirlæra þar sem valinkunnir fagmenn hætta og miða reynslu sínu um tónlistarbransann, tónlistarframleiðslu o.s.frv.

Klíkó inn á www.tonvinnskoli.is, þar má finna þarlegar upplýsingar um uppbyggingu námsins.

Í boði eru tveir námskeiðir:
A - 160 klst nám
B - 120 klst nám

Námið hefst 13. febrúar.

SÖNGNÁM

Tónvinnskólunni bjóð gróðarlega skemmtilega líku af mismunandi söngnámskeiðum þar sem helstu söngljórnur landsins eru á meðal viðbeimenda.

Barna- og unglínganámskeiðið er í höndum **Birgittu Haukdal, Jónna og Heiðu** og er þar á ferð ótrúlega skemmtilegt og gagnlegt námskeið.

Selma Björnsdóttir og Þorvaldur Bjarni sjá um **"Söngur og framkoma"** námskeiðið þar sem ferð er yfir allt það sem máli skiptir þá sem vilja sækja sér þarna á tónlistarbrautinni; söngtækni, framkoma, vinna í hljóðveri og allt hitt.

Fyrir lengra koma söngvara er fjáðbart **blues- og jazzsöngnámskeiðið** á boðstöðum. Ókrynd blues-drottning Íslands, **Andrea Gylfadóttir** kemur þennan kúrs.

Í boði eru þrenn **framhaldsnámskeiðið**, annarsvegar framhald af "barna- og unglínganámskeiðinu" sem Heiða sér um og hinsvegar framhald af Blues- og jazznámskeiðinu sem Andrea sér um.

Blues- og jazzsöngnámskeiðið hefst **16. janúar**.
 Barna- og unglínganámskeiðið hefst **6. febrúar**.
 Söngur og framkoma námskeiðið hefst **21. febrúar**.

HLJÓÐFÆRANÁM

Það bjóð má líku að stöfna hljóðverit af enginn karn á hljóðveri hjá Tónvinnskóla Þorvaldar Bjarna er boðið upp á fjáðbar námskeið fyrir **trommana, gítar-leikara og bassaleikara** framfórnar, róðórnar og kórórnar. Mismunandi námskeið eru á boðstöðum og því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Gítarnámskeiðin eru í umsjón þeirra **Vignis Snæs Vigfússonar og Gunnars Þórs Jónssonar** og eru þrenn námskeið í boði; námskeið fyrir byrjendur, lengra koma og svo sérstakt námskeið fyrir leikskóðkennara og foreldra. Námskeiðin eru blanda af hljóðtækni og einkatímum.

Það er einn afbesti bassaleikari fjóðórnar, **Róbert Þórhallsson**, sem sér um **bassanámskeiðin** og svo er það **Ólafur Hólm**, trommarí Ný Danaklar, Dúndur-Þetta og Tadmobil, sem sér um **trommunámskeiðin**.

Allar náttari upplýsingar um þessi námskeið má finna inn á heimasíðunni líkku www.tonvinnskoli.is.

Gúrnámskeiðin hefst **15. febrúar**
 Bassa- og trommunámskeiðin hefst **20. febrúar**

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR ERU Á WWW.TONVINNSKOLI.IS

SKRÁNING ER HAFIN WWW.TONVINNSKOLI.IS
OG Í SÍMA 534-9090



Draumarnir rættust » á liðnu ári

Öll göngum við með draum í maganum, sama hvort hann er líttill eða stór. Margir hafa samt það viðhorf til drauma að þeir séu einmitt það sem þeir eru, bara draumar. En þeir eru líka margir sem sýna vilja, þor og þrek og gefast ekki upp fyrr en draumurinn er orðinn að veruleika. Og stundum eru það þeir sem veita öðrum innblástur og hugrekki til að fylgja sínum draumum. Birta ræddi við Sigurð, Guðrúnu Helgu og Ásdísi Birtu um draumana sem rættust á síðasta ári.

Texti: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR, JÓHANNA SVEINSDÓTTIR OG STEINPÓR HELGI ARNSTEINSSON

Með draum og barn í maga

Ásdís Birta Gunnarsdóttir lét gamlan draum rætast á árinu þegar hún opnaði meðgöngufataverslunina Tvö líf. Hún segir að þráin verði að vera til staðar vilji fólk láta drauma sína rætast.

„Ég var búin að ganga með hugmyndina um að opna meðgöngufataverslun í um tvö ár,“ segir Ásdís. „Lengi hafði mig langað að fara í eigin rekstur. Ég vissi alltaf að ég myndi gera þetta en ég vissi bara ekki hvenær.“

Ásdís segir að hræðslan hafi verið það sem helst stöðvaði hana í að koma hugmyndinni í framkvæmd. „Ég fór svo á námskeið hjá Brautargengi, sem er námskeið fyrir konur með viðskiptahugmyndir, og þá fór boltinn að rúlla. Þar hóf ég samstarf við Sigríði Láru samstarfskonu mína og við framkvæmdum þessa hugmynd í sameiningu. Ég kannaði markaðinn vel og sá þínu gat á mjög þröngum markaði sem við náðum svo að fylla. Ég er líka svo heppin að eiga góðan mann sem studdi vel við bakið á mér og við fengum góðan stuðning frá okkar fjölskyldu og vinum.“

Ásdís segir að ekki sé nóg að langa til að draumarnir rætist, fólk verði virkilega að þrá það. „Maður má ekki vera hræddur við að henda sér út í djúpu laugina,“ segir Ásdís. „Mörgum finnst erfitt að stíga út úr þægindahringnum sem við lifum í alla daga en maður verður bara að taka sénsinn. Ég bara kýldi á þetta. Það var að duga eða drepast. Og ég sé alls ekki eftir því.“

Daginn sem búðin var opnuð voru bæði Sigríður og Ásdís og fjölskyldur þeirra í skýj-



unum yfir árangrinum. „Ég var sigri hrósandi og drepmontin,“ segir hún og hlær. „Það fylgdi því ákveðin víma að hafa náð settu marki. Maður má aldrei missa augun af markmiðinu.“

Það var svo annar draumur sem rættist hjá Ásdísi og manningum hennar á árinu sem er að líða. Í stað gamals draums sem lengi hafði blundað í maga Ásdísar kom lítið barn sem er væntanlegt í heiminn í dag.

Óskinn rættist er Óskar fæddist

Helga Guðrún Óskarsdóttir listakona fékk ósk sína uppfyllta á árinu er hún eignaðist soninn Óskar Tinna eftir tíu ára sambúð.

„Þetta var mikið hamingjuár hjá mér og þar ber fæðingu sonarins hæst. Svo gengum við hjónin líka í það heilaga í sumar eftir tíu ára sambúð og það var auðvitað stórviðburður,“ segir Helga Guðrún Óskarsdóttir listakona er hún rifjar upp nýliðið ár. Hún heldur á pattaralegum syninum í fanginu en hann er bráðum eins árs því hann fæddist 28. janúar í fyrra. Fyrir átti Helga Guðrún eina dóttur sem verður tvítug á þessu ári þannig að nokkuð langt var á milli fæðinga hálf systkinanna en fyrir bragðið getur systirin tekið þátt í uppeldinu á þeim stutta. Þar sem tíu ára sambúð er að baki hjá Helgu og manni hennar Trausta Júlíussyni er eðlilegt að spurt sé hvort það hafi lengi verið á dagskránni hjá þeim að eignast barn saman.

„Við vorum ekkert að hugsa um þetta í fyrstu en fyrir nokkrum árum hætti ég að verja mig gegn getnaði og bjóst við að verða



bomm á fyrstu vikunni. Við fórum samt ekki út í neinar tæknifrjögungunaraðgerðir og það var aldrei inni í myndinni. Vildum ekkert vera að stressa okkur á þessu og hugsuðum bara, það gerist ef það gerist. En auðvitað var alveg draumur að fá drenginn. Hann er heil-

brigður og allt er eins og best verður á kosið með þennan gutta. Óskar Tinna var tekinn með keisaraskurði eins og systir hans. Það kemur víst ekkert annað til greina hjá mér en þetta eru öruggar aðgerðir og svo framarlega sem útkoman er góð er maður ánægður.“



Á leiðinni á Evrópumeistaratótið í handbolta

Sigurður Eggertsson, handknattleiksmaður úr Val, var nýlega valinn í landsliðið eftir að hafa glímt við þrotlaus meiðsl og lauk þar að auki háskólaprófi á árinu.

„Á síðasta tímabili var líkaminn allur í rúst, ég gat ekkert æft og var á bólgueyðandi. Þá byrjaði ég að hugsa að þetta gengi ekki lengur svona,“ segir Sigurður Eggertsson handbolta- maður. Í stað þess að gefast upp afréð hann að þræka aðeins lengur og það borgaði sig svo sannarlega. Eftir mikil meiðsl og margar aðgerðir, á hægri hné og ökkla og loks á vinstra hné þegar gert hafði verið að meiðslum á því hægri, hóf hann aftur að spila í desember. Strax eftir fyrsta leik var hann valinn í landsliðshópinum sem tekur þátt í Evrópumeistaratótinu seinna í mánuðinum.

Sigurður segir að þessi meiðsl hafi tekið mjög á og á tímabili hafi hann íhugað að leggja skóna á hilluna. En hann gerði það ekki og er ánægður með það í dag. „Það er allveg rosalegt að vera valinn í landsliðið.“ Hafi þetta ekki verið nóg til þess að gera árið 2005 að minnisstæðu ári fyrir Sigurð lauk hann einnig BS-prófi í líffræði við Háskóla Íslands. „Ég er núna í námi til þess að öðlast kennsluréttindi. Ég á bara tvö próf eftir og þá er ég orðinn kennari,“ segir hinn verðandi kennari og landsliðsmaður í handbolta glaður í bragði.

Tími á léttari rétti

ferska og framandi sem henta öllum dögum vikunnar



Snittuplatti með salati

Innbakaður mozzarellaostur:
2-3 mozzarellakúllur, skornar í 1 1/2 cm sneiðar
10 vænar sneiðar af hráskinku ólífulóla

Stillið ofninn á 225°. Vefjið hráskinkunni utan um mozzarella-sneiðarnar. Reynið að hylja ostinn sem mest. Penslið með ólífulólu. Gott er að nota tannstöngla til að festa hráskinkuna. Setjið á bökunarpappír og bakið í um það bil 10 mínútur.

Snittur með ólífumauki:

100 g steinlausar svartar ólífur
1 1/2 msk. kapers
2 hvítlauksgeirar
3 msk. furuhnetur
1 1/4 dl ólífulóla
3 msk. ferskur parmesanostur, rifinn
2 tsk. sítrónusafi
hnefafylli af ferskri basilíku
svartur pipar

Brauð:

bagetta
ólífulóla
fersk basilíka til skrauts

Setjið allt hráefnið í ólífumaukið í matvinnsluvél og maukið. Smakkið maukið til með svörtum pipar og salti ef með þarf. Best er að útbúa maukið daginn áður og geyma það í kæli. Skerið brauðið í sneiðar og raðið á ofngrind. Penslið með ólífulólu og grillið þar til brauðið verður gullið. Setjið ólífumauk á hverja brauðsneið og skreytið með basilíku.

Salat:

300 g af ýmsu salati, t.d. frissé, lollo rosso og eikarlaufi, gróft saxað
8 sneiðar af sólpurrkuðum tómötum í olíu, skornum í þunnar ræmur
12 steinlausar svartar ólífur, helmingaðar
2 msk. ristaðar furuhnetur
ferskur parmesanostur í þunnum sneiðum

Sósa:

1 1/2 msk. balsamedik
1/2 dl ólífulóla
salt og svartur pipar

Hrærið allt saman sem á að fara í sósunu. Setjið grænmetið, furuhneturnar og parmesanostinn saman við. Hrærið. Berið fram með innbökuðum mozzarella-osti og snittum með ólífumauki.



Hafragrautur fyrir örbylgjuofninn



8 pokar í hverjum pakka.
Auðvelt að taka með sér
hvert sem er.

Tilbúinn á aðeins 2 1/2 mínútu

- 1 Helltu haframjölinu úr pokanum í skál
- 2 Settu 1,5 dl. af vatni út í (notaðu pokann undir vatnið - nákvæmlega rétti skammturinn)
- 3 Tilbúinn í örbylgjuofninum á 2 1/2 mínútu

• Fljótlegt og hollt í morgunmat fyrir skólann • Góð undirstaða fyrir langan vinnudag • Tilvalið í hádeginu - engin fyrirhöfn • Þægilegt og hollt milli mála.

Agúrkusnuttur og rækjusalat

Agúrkusnuttur:

- 2 smáar agúrkur
- 2 msk. ólífulófa
- 1 tsk. sérríedik (eða annað vínedik)
- 60 g fetastur
- 1 msk. ferskt og fínsaxað oreganó
- salt og svartur pipar

Skerið agúrkurnar á langveginn. Fjarlægjð kjarnann. Skerið helming annarrar gúrkunnar í örlitla teninga og setjið í skál ásamt fetastu, ólífulófu, vínediki og oreganó. Kryddið með pipar og salti ef þarf. Skerið restina af agúrkunum í 3 cm sneiðar og dreifið fyllingunni á hverja sneið.

Rækjusalat:

- 1/2 tsk. saffran eða túrmerik
- 1 bolli long-grain hrísgrjón
- 2 tsk. salt
- 4 msk. limesafi
- 2 msk. appelsínusafi
- 2 msk. ólífulófa
- 1 hvítlauksgeiri, kraminn
- svartur pipar
- 1 tsk. cummin
- 300 g rækjur
- 1 bolli kokkteiltómatar, skornir í tvennt
- 2 sellerístilkar, skornir í sneiðar
- ferskt kóríander



Setjið saffranið í pott ásamt 2 bollum af köldu vatni. Hellið hrísgrjónunum út í og 1 tsk. af salti. Setjið lok á pottinn og látið suðuna koma upp. Stillið þá hitann undir pottinum á lægsta straum. Látið grjónin malla í 12-15 mínútur með lokið á. Takið pottinn af hellunni og látið standa í 15 mínútur. Setjið grjónin í skál og kælið. Hrærið saman lime-safa, appelsínusafa, ólífulófu, hvítlauk, 1 tsk. salt, pipar og cummin. Hellið yfir grjónin og hrærið. Bætið rækjunum saman við. Stráið fersku kóríander yfir og berið fram með agúrkusnuttum og brauði. Í staðinn fyrir rækjur má nota humar, soðinn hörpudisk eða kaldan soðinn lax.



Kjúklingur með avókadó og tómötum

- | | |
|---|-----------------------------|
| 500 g kjúklingabringur, skornar í teninga | salt og pipar |
| 6 tómatar, skornir í teninga | 1 tsk. rauðvínsedik |
| 2 hvítlauksrif, fínsöxuð | 1/2 tsk. sykur |
| 2 msk. smjör | 2 avókadó, skorið í teninga |
| | ferskt kóríander |

Steikið kjúklingateningana í 1 msk. af smjöri í um það bil 6 mínútur. Kryddið með salti og pipar. Takið bitana af pönnunni og haldið þeim heitum. Steikið tómatana og hvítlaukinn í 1 msk. af smjöri. Bætið rauðvínsedik og sykri saman við. Kryddið ef þarf með salti og pipar. Setjið kjúklinginn og avókadóið saman við. Stráið kóríander yfir og berið fram með hrísgrjónum eða soðnu pasta.

þitt eigið
Kaffihús
Magic



**BJÓÐDU VINUM
PINUM Í HEIMA-
Kaffihús**

Magic  **Saeco**

EXPRESSO - CAPPUCCINO

Kaffivélarnar mala og laga alla vinsælustu kaffi-
drykkina á augabragði eins og á bestu kaffihúsum



Mikið úrval af kaffivélum og kaffivörum



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • www.ef.is



anna í amman

anna tryggvadóttir skrifar frá jórdaníu

Kaupmaðurinn frá Bagdad

Í Jórdaníu lifir hornbúðamenningin góðu lífi og við erum sérlega heppnar með okkar horn. Þar er kaupmaður sem tekur hlutverk sitt mjög alvarlega. Hann hefur skipað sér í stöðu verndara okkar, enda sér hann sem rétt er að fjórar ungar vestrænar konur í arabalandi þurfa stundum að láta hjálpa sér með þetta og hitt. Kaupmaðurinn okkar er frá Írak og hefur búið í Jórdaníu í rúmt ár. Áður var hann vel stæður rafmagnsverkfræðingur í Bagdad en nú vinnur hann frá morgni og langt fram á kvöld alla daga vikunnar í lítilli og skítugri matvöruhúð í úthverfi Amman.

Langflestir hinir viðskiptavinirnir eru frá Írak. Það veit ég vegna þess að ég sé glitta í dvalarleyfiskortin þeirra í veskinu – að því leyti erum við eins. Írakarnir halda tryggð við sinn kaupmann og hann þekkir þá flesta vel. „Þið verðið að hitta þessa konu,“ segir hann við mig. „Hún er líka frá Bagdad. Maðurinn hennar var tekinn af heimili þeirra af amerískum hermönnum í fyrra og nú er hann dáinn,“ bætir hann við og heldur áfram að setja í pokann minn. Spillti Vesturlandabúinn ég veit ekki hvernig á að bregðast við svona fréttum en býð konunni að friður sé með henni á bjagaðri arabísku og lofa Allah á minn fallegasta hátt þegar hún spyr hvernig ég hafi það.

Kaupmaðurinn lætur önnur tækifæri heldur ekki framhjá sér fara að draga upp mynd af landi sínu sem ekki fæst annars staðar. „Ekki trúá því sem er sagt í fréttunum. Saddam er góður maður,“ segir hann af innlifun og rekur báða þumal fingurna upp í loftið til að leggja áherslu á orð sín. Þegar við reynum að malda í móinn og benda á að ekki hafi kannski allir lifað góðu lífi undir hans stjórn hristir hann bara höfuðið. „Sjái ur ekki gott fólk. Þeir eru frá Íran,“ útskýrir hann. „Saddam elskar írösku þjóðina og hún elskar Saddam.“

Suma daga er hann þó ekki í jafnmiklu stuði og aðra. Eitt slíkt kvöld litum við við hjá honum þegar klukkan var að ganga ellefu. Kóransöngurinn glumdi þá í litla vasautvarpinu hans eins og svo oft þegar hann er sorgmæddur. Reiður á svipinn benti hann á úrið sitt og sagði að við ættum að vera komnar heim fyrir klukkan tíu. Það væri ekki sæmandi ungum stúlkum að vera að dandalast úti svona seint á kvöldin. Við böggluðum einhverju út úr okkur um að við hefðum nú bara verið að læra og værum á leiðinni heim. „Ég er bara þreyttur,“ sagði hann svo afsakandi og horfði fjarrenum augum út í bláinn. „Þegar Saddam kemur aftur ætla ég að flytja heim til Írak.“

Ég fer í fríið

Jólahátíðin er að baki og má með sanni segja að landsmenn hafi verið sviknir um frídagana þessi jólin. Næsti rauði frídagur er í órafjarlægð á dagatalinu og því ekki von á öðru en stanslausri vinnu fram undan. Hins vegar má alltaf fara aðrar leiðir í að skapa sér frídaga úr vinnu en að biða eftir lögboðnum fríðögum.



1 Skoðaðu vel trú annarra trúflokka. Ef einhverjir frídagar fylgja öðrum trúm en þinni eigin skaltu bara skipta um trú tímabundið.



2 Gerðu samning um að taka út páskafríið í enda janúar. Reyndu svo að afvegaleiða yfirmann þinn þannig hann verði búinn að gleyma þessu þegar kemur að raunverulega páskafríinu.

3 Farðu í dagatal yfirmanns og dagbók og falsaðu rauða daga með rauðum tússpenna. Rifðu úr nokkrar blaðsíður til að flyta fyrir fríinu.

4 Stofnaðu þinn eigin trúflokk sem kallast „í heiðri skaltu halda heilagan föstudag“. Með því móti getur þú alltaf fengið þriggja daga helgi.

5 Fáðu samstarfsfélagana til að leggja niður vinnu og halda kröfund fyrir framan heimili forstjórans þar til hann fellst á að bæta inn nokkrum rauðum dögum í febrúar.



stjörnuspá

★★★
6. janúar - 12. janúar

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Í byrjun nýs árs setti frammi þinn að vera þér ofarlega í huga þar sem möguleikarnir til framkvæmda eru ótæmandi. Hins vegar liggur það hjá þér að grípa tækifærin og láta verða eitthvað úr þeim og þetta er kjörinn tími til þess.

NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

Nautin hafa fengið góða hvíld yfir jólin og verið heimakær eins og eðli þeirra segir til um. Nú eru nýir tímar fram undan og ekki ólíklegt að nautin bregði sér í ferðalag, hvort sem það ferðalag tengist vinnu eða skemmtun.

TVÍBUR 21. MAÍ – 20. JÚNÍ

Einhver hreyfing virðist ætla að verða á peningaflæði hjá tvíburaum í þessari viku og byrjun mánaðar. Nú er tækifærið til að endurskoða fjármálin þar sem jákvæða breytingar eru í tengslum við peninga hjá þér, kærri tvýbur.

KRÁBBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ

Ástin er sterk hjá krabbanum fyrstu vikurnar í janúar. Hafir þú ekki fengið bónonór um áramótin eða trúlofað þig eru miklar líkur á að það gerist fljótlega. Sérta hræddur við að taka af skarið skaltu ekki óttast.

LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST

Ljónið er orðið þreytt á afsloppun og skemmtun um sem fylgdu jónunum og er reibúið til að taka til hendinni. Farðu samt rólega af stað og settu þér langtímamarkmið í stað þess að eyða allri orkunni strax.

MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER

Þú ert spennit fyrir komandi ári og meðan allir í kringum þig eru enn að hrista af sér jólaslenið ert þú til í tuskíð. Janúar ber með sér mikla rómantík fyrir meyjuna og von er á skemmtilegum ástarævintýrum.

VOG 22. SEPTEMBER – 22. OKTÓBER

Einhvers konar spennu og deilur tengdar fjölskyldu eða fasteignum hafa einkennt þig í desembermánuði. Í byrjun janúar sér fyrir endann á þeim deilum og þú getur farið að slaka á eftir erfiðan mánuð.

SPÖRDREKI 23. OKTÓBER – 21. NÓVEMBER

Þú finnur fyrir auknu frelsi. Hátíðarnar eru að baki og nú getur þú gert það sem þig langar. Þetta er kjörinn tími til ferðalaga og ekki ólíklegt að þú færir í stutta ferð til að komast frá amstri hversdagsins.

BOGMADUR 22. NÓVEMBER – 21. DESEMBER

Peningamálin eru þér ofarlega í huga núna þegar reikningarnir streyma inn lúguna. Nú er kominn tími til að snúa peningaflæðinu við og stoppa útgjöldin og á það eftir að ganga vel.

STEINGEIT 22. DESEMBER – 19. JANÚAR

Tækifærin eru allt í kringum þig til að láta óskir þínar rætast. Finndu hvað stendur hjarta þínu næst og stefndu á að uppfylla allar óskir þínar. Ef einhvern tímann er tækifæri til þess þá er það núna.

VATNSBERI 20. JANÚAR – 18. FEBRÚAR

Mikil vinna er fram undan hjá þér og því ráðlegt að taka því rólega þessa vikuna áður en allt fer á fullt. Þú þarft tíma til að safna orku og krafti og þessi vika er kjörin til þess.

FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS

Nýttu þessa viku til að slappa af og njóta þín í góðum félagskap. Jólin tóku frá þér mikla orku en ljúfari og rólegri tími er fram undan þannig þú skalt ekki láta það framhjá þér fara að njóta hans.



Kvöldskóli BHS vorönn 2006

Innritun í málmiðndeild kvöldskóla Borgarholtskóla verður eftirfarandi daga:

miðvikudag 4. janúar kl. 17 - 19
frimmudag 5. janúar kl. 17 - 19
föstudag 6. janúar kl. 17 - 19
laugardag 7. janúar kl. 11 - 14

Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir almennt bóknað og allar málmiðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í svainsprófi í málmiðngreinum. Einnig eru kenndar allar stuðugreinar, s.s. MÍG/MAG, TÍG, logsóða og rafsóða. Þá er í boði allir áfangar í rennismiði, handa og plötuvinnu, ásamt afvélavirkjun og áfangar fyrir pipulagnir og fl.

Bóklegt	Fagbóklegt	Tekningar		Verklegir áfangar	Stúdur	Rennismiði
DAN-102	EFL-102	CAD-103	AVV-203	Vélhæð	HSU-102	REN-103
EDL-102	IRB-253	ITB-254	AVV-103	Vélhæð	HSU-202	REN-203
ENS-102	RAF-113	ITB-134	HVM-103	Handvinnna	LSU-102	REN-304
ENS-202	VFR-102	ITB-154	HVM-203	Handvinnna	LSU-202	REN-404
ENS-212	VFR-212	ITB-234	PLV-102	Plötuvinnna	RSU-102	REN-313
FEL-102	VHM-102	ITM-114	PLV-202	Plötuvinnna	RSU-102	REN-413
ISL-102	VT152	ITM-213	VVR-112	Verklegir loftstíningar	RSU-202	VVR-123
ISL-202	VVR-103	GRT-103	VVR-122	Smiðar		
STÆ-102	VVR-123	GRT-203	VVR-123	Verklegr ástírkastar		
STÆ-122	GRF-101	TTO-102	VVR-214	Disel vél		

Kennsla hefst mánudaginn 9. janúar

Ath: Áfangar geta fallið niður ef ekki næst nægur fjöldi í hópa

Innritunargjald er kr. 14000. Verð á bóklega einingu er kr. 1500 og verklega einingu kr. 3000.

Sími: 535-1716 í málmiðeld

Heimasíða: www.bhs.is

VANDÆÐ SPENNANDI DANSNÁM

Þjóðum upp á allt það nýjasta í dansheiminum í dag!

JAZZBALLETT---FREESTYLE---STREETJAZZ---SONGLEIKJADANS---MODERN---LOCKING---OFL

Tökum inn nemendur frá 6 ára aldri. Byrjenda- og framhaldsflokkar. Ný námskeið hefst 12. jún. 2006. Nemendastjóning á vorönn í Borgarleikhúsinu



KENNAÐAR

KENNAÐAR eru með áralanga reynslu sem dansara, fjólfara og danshöfundar og með mikla reynslu úr danskeppnum, leikhúsum og söngleikjum.



GESTAKENNAÐI

GESTAKENNAÐI SELMA BJÖRNSDÓTTIR
Leikkona, söngkona, dansari



